

Ed.

154. Frumvarp til laga

um verðlagsuppbót á greiðslur til landbúnaðar.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

Greiða skal verðlagsuppbót á allar greiðslur samkvæmt eftirtöldum lögum til samræmis við hækkað verðlag og aukinn kostnað við framkvæmdir þær, sem styrkur er veittur til, miðað við verðlag 1938, samkvæmt reglugerð, er Búnaðarfélag Íslands lætur gera og ráðherra staðfestir:

1. Jarðræktarlög, nr. 8 23. júní 1936.
2. Lög nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnáms sjóð.
3. Lög um búfjárrækt, nr. 32 8. sept. 1931.

Greinargerð.

Kostnaður við landbúnaðarframkvæmdir hefur hækkað mjög vegna hækkandi verðlags, síðan styrjöldin hófst. Styrkurinn til þessara framkvæmda hefur því í raun og veru lækkað að sama skapi. Nú má gera ráð fyrir, að þær verðhækkningar, sem þegar eru orðnar, séu næsta snákvæmlega borið saman við þær verðhækkningar, sem vænta má, ef styrjöldin stendur lengi. Gæti þá svo farið, að styrkur sá, sem ákveðinn er í jarðræktarlögunum og nýbýlalöggjöfinni t. d., yrði einskis virði. Væri þetta hið herfilegasta öfugstreymi á þeim tímum, sem óhemju fjármagn safnast fyrir í eigu landsmanna, sem ríður á að koma í varanleg verðmæti, til þess að það komi þjóðinni að notum, meðan það er einhvers virði. Eitt af því, sem hægt er að gera á styrjaldartímum, er að auka ræktunina. Það er því ekki einasta, að sjálfsagt sé að hækka styrkin til ræktunar að sama skapi og verðlag hækkar, heldur mælir líka allt með því, að styrkir og framlög til landbúnaðarins séu stórum hækkuð umfram það. Þess vegna hefur flutningsm. þessa frumvarps einnig flutt annað frumv. um verulega hækkun styrks til jarðabóta og húsabóta samkvæmt jarðræktarlögunum til hinna smærri býla, og miða þær tillögur að því að gera hverjum íslenskum bónda kleift að bæta svo býli sitt, að hægt sé að búa á því samilegu búi. — Í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna flytja þingmenn sósíalista einnig tillögur um stóraukin framlög til landbúnaðarins.

Eins og reynslan hefur sýnt, hefur nýbýlastyrkurinn verið skorinn svo við nögl, að næstum ógerningur hefur verið fyrir eignalausna mennu að reisa nýbýli. Þegar verðlag hækkar, verður nýbýlalöggjöfin ekki annað en nafnið tómt, ef nýbýlastyrkurinn er ekki hækkaður. Nauðsyn ber til að hækka hann miklu meira en hlutfallslega við hækkað verðlag. En það hlýtur þó að verða fyrsta skrefið.

Það, sem einkum hamlar því, að hægt sé að auka ræktunina í nógu stórum stíl, meðan styrjöldin stendur, er skortur á áburði. Það munu því allir vera sammála um, að áherzlu þeri að leggja á þær framkvæmdir, sem koma að varanlegum notum, þó að áburð skorti, svo sem framræslu. En líka verður að leggja áherzlu á ráðstafanir til að hagnýta húsdýraáburðinn, en það, sem nú fer forgörðum af honum, gæti að mjög miklu leyti komið í staðinn fyrir innfluttan áburð. Ríkisstjórn sú, sem nú fer með völd, og fyrirrennari hennar bera ábyrgð á þeirri þjóðarógæfu, að ekki skyldi vera reist hér áburðarverksmiðja, áður en styrjöldin skall á. En nú dugir ekki að láta sitja við að sakast um orðinn hlut. Það verður tafarlaust að hefjast handa um framleiðslu á innlendum áburði. Það er þjóðarnauðsyn, sem þolir enga löf.

Frumv. það, sem hér fer á undan, þótti mér rétt að bera fram samtímis frv. um breyting á jarðræktarlögunum, þar sem eðlilegast er, að um verðlagsuppbótina sé sett sérstök löggjöf.

En jafnframt þeirri löggjöf, sem sett er til aðstoðar landbúnaðinum vegna hinna óvenjulegu tíma, verður að krefjast þess, að gerðar séu ráðstafanir til að halda verðinu á landbúnaðarafurðum á innanlandsmarkaði í skefjum og tryggja það, að landsbúar geti notið þeirra.